

10.10.2014

Farice fagnar mjög umræddri þingsályktunartillögu sem löngu er tímabær og vonandi fær hún þann forgang í meðferð þingsins því þörfin er brýn. Í sjö ár hefur verið unnið að því að koma á laggirnar gagnaversþjónustu hér á landi en hægt hefur miðað og þá ekki síst vegna þess að lagaumhverfi og regluverk fyrir slíka þjónustu hefur verið ábótavant. Eftir nokkra baráttu var loks gerð breyting á virðiaukaskattslögum sem leiddi til þess að opnuð voru fyrstu tvö gagnverin fyrir 2-3 árum sem hugsuð eru fyrir erlendan markað. Í millitíðinni ákváðu nokkrir stórir aðilar sem höfðu hugsað sér að setja upp eigin gagnaver hér að fara annað því í þeirra huga var íslenskt lagaumhverfi ófullkomið fyrir þeirra þjónustu. Nú þegar rekstur gagnavera er kominn af stað koma í ljós ýmsir hnökrar og hvað má betur fara og tekur þingsályktunartillaga um vistkerfi internetsins og réttindravernd netnotenda á þeim atriðum. Ef úr þessu verður bætt mun vegur gagnavera fyrir erlendan markað vænkast og aukning verða á þeirri þjónustu til hagsbóta fyrir landsmenn.

f.h. Farice ehf.
Ómar Benediktsson